

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS



Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. **Komdu í Keili!**

HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú Keilis er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlandis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennsla við Háskólabrú fer fram í staðnámi á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri í samstarfi við SÍM.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir námi á Háskólabrú.

TÆKNIFRÆÐI (BS-gráða)

Keilir býður upp á hagnýtt háskólanám í tæknifræði (BS-gráða). Námið er til þriggja ára og er hagkvæmasta verk- og tæknifræðinám sem hægt er að stunda á Íslandi. Það skilar nemendum vel undirbúnum á vinnu- markað þar sem mikill skortur er á tæknifræðingum og hentar vel hvort sem þú hefur lokið stúdentsprófi eða útskrifast úr iðnnámi. Hægt er að sérhæfa sig í orku- og umhverfistæknifræði eða mekatróník hátæknifræði.

FLUGNÁM, FLUGUMFERÐAR- STJÓRN OG FLUGÞJÓNUSTA

Flugakademía Keilis býður upp á nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu og flugumferðarstjórn. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur og nemendur njóta þess að læra á nýjustu mælitæki flugvéla sem samsvara þeim sem flugrekendur nota í sínum rekstri. Flugakademían er vinsæll valkostur bæði innlendra og erlendra nemenda sem hafa áhuga á flugi.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir bóklegu og verklegu námi í atvinnuflugi og flugumferðarstjórn.

ÍAK EINKAÞJÁLFUN

Íþróttakademía Keilis býður upp á krefjandi, skemmtilegt og metnaðarfullt nám í ÍAK einkaþjálfun. Miklir atvinnu- möguleikar eru fyrir ÍAK þjálfara og samkvæmt könnunum á vegum Keilis eru þeir eftirsóttir þjálfarar. Nám í ÍAK þjálfun miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa og er rík áhersla lögð á verklega kennslu samhliða bóklegri.

Kennt er í fjarnámi með staðlotum á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir námi í ÍAK einkaþjálfun.



„It's too late to app-ologise“



HÁSKÓLA-TILBOÐIÐ

Hvað? Háskólanemum stendur til boða að fá nýjan iPad ásamt iPad-áskrift að Morgunblaðinu fyrir 2.990 kr. á mánuði í 30 mánuði.

Hvernig? Farðu inn á mbl.is/mogginn/ipad. Fyrstir koma, fyrstir fá!



Á spjöld spjaldtölvusögunnar

Frá og með deginum í dag er í fyrsta sinn hægt að lesa **Monitor** og **Moggann** í gegnum splunkunýtt iPad-app Morgunblaðsins

Risastórt skref í íslenski blaðaútgáfu var tekið í dag þegar Monitor kom í fyrsta sinn út í sérlegri iPad-útgáfu. Um er að ræða nýtt app, sem Morgunblaðið kynnr nú til leiks. Samhliða áfanganum stendur öllum háskólanemum til boða að tryggja sér iPad á sérstöku tilboði í gegnum Morgunblaðið sem gerir þeim kleift að fá blöðin beint í iPadinn sinn í gegnum umrætt app. Það er Monitor-skútunni sönn ánægja að tilkynna að hægt verður að nálgast sérhvert tölublað Monitor ókeypis í gegnum appið.

Benedikt Valsson fékk forskot á sæluna í gær þegar honum gafst tækifæri, fyrstur allra háskólanema, til að verða sér úti um iPad í gegnum tilboðið. „Eins og gefur að skilja er maður auðvitað sannkallaður fréttahaukur svo ég þarf alltaf að vera með puttann á pulsinum í fréttum núliðandi stundar. Þegar kemur að því hefur það alltaf hentað mér betur að lesa fréttir á netinu heldur en í blöðum, þá fær maður þær náttúrulega beint í hendurnar alveg rjúkandi heitar. Þar af leiðandi á það örugglega eftir að koma sér ansi vel að vera kominn með svona græju,“ segir Benedikt Valsson, betur þekktur sem Hraðfrétta-Benni, á léttum nótum. Fréttahaukurinn er nemi í stjórnmála- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. „Ég hefði einmitt ver-

ð að klára mitt síðasta próf í dag (í gær) ef það væri ekki fyrir sjúkrapróf sem ég þarf að taka í lok mánaðar. Það er bara vonandi að maður nái að læra eitthvað fyrir það en verði ekki fastur í því að „dánlóða“ endalaust af einhverju dóti á iPadinn eða eitthvað.“

Framtíð Hraðfrétta óráðin

Benedikt Valsson og félagi hans, Fannar Sveinsson, fóru fyrir gamanþættinum Hraðfréttir á mbl.is á vormánuðum sem vakti verðskuldaða athygli en þátturinn fór í frí þann 19. apríl síðastliðinn. Fréttamaðurinn knái segir að fátt liggi fyrir um framtíð þáttarins að svo stöddu. „Viðbrögðin við þáttunum voru auðvitað virkilega skemmtileg en tíminn verður að fá að leiða í ljós hvert framhaldið verður,“ segir Benni, en hvað bíður hans þá í sumar? „Ætli ég þurfi ekki að byrja á að afgreiða þetta próf sem ég á eftir áður en ég get farið að njóta sumarsins almennilega. Planið er annars bara að hanga með félögum, eins og til dæmis Loga og Hauki Harðar, kíkja á KR-völlinn annað slagið og ferðast slatta enda mun ég starfa sem flugþjónn í sumar.“

app

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

ROCKÖPARK

FYRIR ROKKARA

Hefðir þú áhuga á skella þér á rokkhátíðina Rock Im Park sem fram fer í Þýskalandi í júní næstkomandi? Monitor og Beck's koma til með að gefa miða í sameiningu á hátíðina á næstunni. Fyrsta skrefið í að vinna miða á hátíðina er að fara inn á Facebook-síðu Beck's og smella á „like“ svo þú getir fylgst með áframhaldi leiksins.

FYRIR PRÓFALEIDA



Á netinu er að fyrirfinna heimasíðuna gulirmidarung-ledibankanum. tumblr.com sem er tilvalin til að skoða þegar prófin eru að murrka úr manni lífið.

Síðan minnir um margt á hina útslensku whatshouldwecallme.tumblr.com og er stórgóð viðbót inn í íslenska grínflóru.

I GOGGINN

Í síðasta mánuði opnaði veitingahúsið Silfurtungl á efri hæð Austurbæjar við Snorrabraut. Staðurinn hefur upp á fjölbreyttan matseðil að bjóða auk þess

sem innréttingar staðarins gera heilmikið fyrir augað.

Segja má að um sé að ræða hálfgerða enduroppun að ræða en Silfurtunglið var einn aðalskemmtistaður bæjarins milli 1955 og 1975.



f Vikan á facebook



Silja Úlfarsdóttir

Mömmurád: Ekki setja á þig brúnkusprey og fara svo

að hugga barnið þitt!!! Kveðja mamman sem á lítið barn sem er brúnt á köflum! 9. maí kl. 10:01



Oddur Snær

er búin að fara yfir þetta. Hápunktar NY ferðarinnar voru tveir: Allur maturinn og að passa Tigerlily, kött Kathleen Turner. 9. maí kl. 9:30



Marta María Jónasdóttir

Getur einhver lánað mér kúrekastígvél í 40 og stór brjóst? 8. maí kl. 9:32



Gunnleifur Gunnleifsson

Í dag fagna ég því auðvitað og er stoltur af, að það eru 18. ár síðan ég sagði skilið við áfengi.:) 8. maí kl. 8:35



Auðunn Blöndal

Home sweet home eftir 2 vikna geðveiki :) Evrópski draumurinn verður í ruglinu... 6. maí kl. 17:02

FEITAST I BLAÐINU

6 Strákarnir í **Kiriyama Family** sigruðu Forð-fyrirsætu-lagakeppni og allt fór á flug.



8 **Bruce Springsteen** lúkkar í gallabuxum, stuttermabol og með hausklút.



12 **Sigríður Thoriácus** æfði listdans á skautum og byrjaði snemma í kór.



16 Stíllinn kíkti í fataskápin hjá smekkmanninum. **Stefáni Jóhanni.**



Efst í huga Monitor

Amen fyrir OMAM

MÉg veit að ég er ekki einn um það að fyllast stolti og fá jafnvel gæsaúð þegar Íslendingar gera það gott á erlendra grundu. Það er eitthvað svo yndislega geggjáð við það að horfa á Íslendinga sem ólust upp við svipaðar aðstæður og við hin hér á okkar litla landi rækta hæfileika sína til fullnustu og slá í gegn á heimsvísu.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að hljómsveitin Of Monsters and Men er að gera frábæra hluti í hinni stóru Ameríku. Og eftir því sem maður les fleiri fréttir þeim mun líklegri finnst manni að þau verði með stærri hljómsveitum í heiminum áður en langt um líður. Það fyrsta sem ég gerði í gærmorgun var að horfa á myndband með þeim þar sem þau spiluðu í þættinum hjá Jimmy Fallon og um mig fór sæluhrollur. Þau leystu verkefnið af mikilli yfirvegum og Jimmy sjálfur og áhorfendurnir allir virtust njóta flutningsins til hins ítrasta. Ég hlakka ótrúlega til að sjá hvaða verkefni þau tækla næst.

En það eru fleiri að gera það gott ytra. Kolbeinn Sigþórsson, framherji hollenska knattspyrnu liðsins

Ajax, varð hollenskur meistari á dögum og í vikunni sáum við fréttir af því að hann hafi gert samning við íþróttavörurinn Adidas. Bara það að sjá útlenskan auglýsingavegg með áletruninni „Kolbeinn is all in“ fékk mann til að brosa út að eyrum. Jafnaldri Kolbeins, Aron Pálmarrsson, varð um síðustu helgi bikarmeistari í þýska handboltanum og er þar af leiðandi orðinn tvöfaldur meistari þar í landi. Lið hans Kiel á einnig möguleika á Evrópumeistaratitli svo þrennan heilaga er svo sannarlega í augnsýn. Geggjáð.

Og til að toppa þetta allt saman hoppuðu litlu íslensku hjörtunum af kæti þegar lítil fani sást blakta á heimavelli Manchester United, Old Trafford, þar sem stuðningsmenn liðsins óskuðu eftir því að Gylfi Sigurðsson yrði keyptur til liðsins. Skilaboðin voru einföld: „Please buy, Sigurdsson.“ Áfram Ísland segi ég nú bara.

Allir sem nefndir eru í þessum pistli hafa prýtt forsíðu Monitor. Svo ef þú ert á leiðinni að gera það gott í útlöndum hafðu þá endilega samband við okkur fyrst og við smellum þér á „frontinn.“

App í börðei, Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



DANIEL ER
BJÖRGVIN PÁLL



BJARNI OG LOGI
ERU FROSTI OG MÁNI



BENEDIKT BALDUR
ER BUBBI



ALDÍS LILJA
ER VIGDÍS



UNNUR HELGA
ER GUNNA DÍS



ELÍSA BIRTA ER
MARGRÉT LÁRA



EMIL, GISSUR, LOGI OG
JÓN ERU BLÁR ÓPAL



EMIL SÖLVI ER
ARON PÁLMASS



MENNT ER MÁTTUR HUGSA KRAKK-
ARNIR Í MONITOR-BEKKNUM Í MR

MONITOR-BEKKUR Í MR



EYVINDUR ÁRNI
ER VILLI NAGLBÍTUR

Monitor-skútan fékk sendan ansi skemmtilegan tölvupóst í vikunni frá 3-D í Menntaskólanum í Reykjavík. Þessir nýnemar tóku upp á því rétt fyrir áramót að safna forsiðum Monitor og prýða þær nú veggj skólastofunnar hátt og lágt.

Monitor hefur alltaf lagt áherslu á að fjalla um það jákvæða í samfélaginu. Það gleður því ritstjórn blaðsins afskaplega mikið þegar hún fær jákvæð viðbrögð við því

sem hún gerir. Eins og flestir vita er Monitor dreift í skóla víðs vegar um landið og því ætti það að vera ákaflega auðvelt fyrir nemendur að næla sér í eintak í viku hverri. Þau Herdís Hergeirsdóttir og Jón Tómas Jónsson stungu upp á því við bekkinn sinn, 3-D í Menntaskólanum í Reykjavík, að hefja söfnun á forsiðum Monitor. Bekkurinn hefur safnað forsiðum hvers tölublaðs frá því rétt fyrir áramót og er

safnið orðið ansi myndarlegt og eru forsiðurnar notaðar til að prýða veggj skólastofu bekkjarins. Til að gleðja okkur enn meira tóku nemendur upp á því að stilla sér upp fyrir framan myndavél og líkja eftir hinum ýmsu forsiðum. Útkoman er einkar glæsileg og verður fróðlegt að vita hver fái það hlutverk að geyma safnið yfir sumarið og einnig hvort söfnunin komi til með að halda áfram næsta skólavetur.



GUÐBJÖRG EVA ER
ÁSDÍS HJÁLMS

HURRAW!
varasalvinn er náttúruleg heilsuvara

HURRAW er nærandi, mýkjandi, endingargóður og bráðnar ekki í vasa. HURRAW er ekki of mjúkur, ekki klístraður, ekki of sætur, ekki of glansandi, ekki of ilmríkur og ekki kornóttur.

Fast í Heilsuhúsinu!

náttúrulega
heilsuhúsið

Laugavegi, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ

- Fráfræði
- Engar dýraauðindir
- 6 tegundir



GUÐRÚN SNORRA
ER HELGI BJÖRNS



HELENA KRISTÍN
ER SÓLI HÓLM



HERDÍS ER
BJÖRK



HERDÍS, GUÐRÚN OG
HELENA ERU THE CHARLIES



JÓN TÓMAS ER
PÉTUR JÓHANNS



JÓNATAN SÓLÓN
ER LOGI GEIRS



SINDRI ER
BERGUR EBBI



STEFÁN PÁLL
ER INGVAR E



TEITUR TÓMAS
ER MAGGI SCHEV



TWISTER®

Brakandi,
seiðandi,
tælandi, eggjandi,
töfrandi, fagnandi,
sætur, mjúkur,
nýr, ferskur, sterkur,
yndislegur, fráþær og skemmtilegur!
Stökkur,
unaðslegur,

699
kr.

Minum
á nýjan
KFC stað
við Sunda-
garða



Tortilla • rifinn ostur
majónes • iceberg
muldar **Doritos** flögur • **Zinger** lundir
salsasósa • ristaður í grilli

svoogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI **WWW.KFC.IS**

Strákamir í **Kiriyama Family** sendu frá sér sitt fyrsta lag fyrir rúmu ári síðan en nú er von á þeirra fyrstu plötu. **Monitor** spjallaði við **Bassa Ólafsson**, trommara, um þessa fallegu fjölskyldu.

Hvenær og hvernig varð hljómsveitin til?

Heyrðu, þetta er svona formlegt. Jóí og Víðir voru náttúrulega í Nilfisk á sínum tíma og hituðu upp fyrir Foo Fighters í Höllinni árið 2003. Seinna kom svo Kalli inn í Nilfisk en það voru þeir sem byrjuðu svo þetta verkefni árið 2007. Ég kom svo í fjölskylduna árið 2010. Ég var í Benny Crespo's Gang og Lay Low-hópnum en gaf það allt upp á bátinn fyrir þetta verkefni. Gummi kom svo inn í þetta skömmu á eftir mér og við gáfum út fyrsta lagið í janúar í fyrra. Við prófuðum að senda það lag inn í einhverja Ford-fyrirsætukeppni þar sem heill hellingur af böndum var búinn að senda inn lög og einhvern veginn tókst okkur að vinna þá keppni. Þetta er örugglega það steiktasta sem ég hef tekið þátt í en eftir þetta fór þetta á flug hjá okkur.

Þið voruð að gefa út lagið Week-ends sem er komið í 10. sæti á vinsældarlista Rásar 2. Á Youtube er skemmtileg mynd þar sem textinn er málaður á líkama eins ykkar. Var það ekki mikil vinna?

Við máluðum alla textana á okkur fyrir plötuumslagið. Við ætluðum að gera þetta á fjórum til fimm tímum en þetta voru einhverjir fimmtán klukkutímar sem fóru í þetta. Þetta er handmálað með málningu, ekki túss, svo þetta fór aðeins út í ruglið. En þetta kemur helvíti flott út, bæklingurinn er sumsé uppfullur af myndum af skrokkunum á okkur.

Þið eruð einmitt naktir á plötuumslaginu ef frá er talið ljósaskiltið sem hylur ykkar allra heilagasta. Má segja að þið séuð nú þegar búnir að koma naktir fram fyrir frægðina?

Já, við erum svolítið að selja út á kynþokka. Nei, við vorum búnir að hugsa ógeðslega lengi hvernig við ætluðum að tækla myndina á plötuumslaginu. Við vissum ekkert hvað við áttum að gera og ég stak upp á því á æfingu að við yrðum bara alls-berir og myndum setja draslið á milli lappanna. Þannig að þetta próaðist út í þetta. Það er nú kannski smekklegra að vera með ljósaskiltið fyrir framan. Hitt er aðeins of mikið Red Hot Chili Peppers-grín. En þetta kemur vel út. Við erum bara fjölskylda, á sprellum á bak við skilti. Þetta er svolítið eins og Bitlarnir í gamla daga, hljómsveitin bara framan á. Þetta er svona alvöru hljómsveitarfilingur. Við höfum einmitt fengið hrós fyrir það að við erum líkir Bitlunum af því að enginn einn er aðalmaðurinn í bandinu. Það er mikil rótering í gangi, strákamir spila allir á mörg hljóðfæri á tónleikum og skipta með sér söngnum og svona.

Nafnið er komið úr japönsku skáldsögunni Battle Royale eftir Kōshun Takami. Erúð þið svona mikil fjölskylda?

Já, þetta er rosa mikill fjölskyldu-filingur. Þegar við æfum á Selfossi á þriðjudögum í stúdíóinu mínu þá förum við yfirleitt í kjúklingasúpu heima hjá mömmu hans Vidda á Eyrarbakka áður og erum að knúsast eitthvað.

Þið talið um að popptónlist, raftónlist, indí-tónlist og Svíþjóð hafi áhrif á ykkar lagasmíðar. Hvernig stendur á því að Svíþjóð spili slíka rullu í ykkar tónsmíðum?

Kalli er náttúrulega ¼ Svíi. Afi hans var sænskur. Hann bjó lengi vel í Svíþjóð. Svo eru Svíamir líka bara poppmeistarar. Þetta er óþolandi pakk, um leið og þeir fá hljóðfæri í hendurnar þá er búið að semja gott lag.

Er stefnan svo sett á útlönd?

Við erum rosa spenntir fyrir því að komast með þetta út. Ég held að það sé svolítið takmarkið hjá okkur. Þó að Ísland sé frábært og allt það þá langar mann samt að hugsa aðeins lengra. Þetta er svolitill kassi héna og það væri gaman að komast út fyrir hann. Við látum alla vega á það reyna en svo veit maður aldrei hvað gerist.

jrj

Knúús og kjúklingasúpa hjá Kiriyama-fjölskyldunni

KIRIYAMA FAMILY

Jóhann V. Vilbergsson:

Söngur, gítar og hljóðgervlar.

Karl M. Bjarnarson:

Söngur, gítar, bassi og hljóðgervlar.

Víðir Björnsson:

Gítar, bassi og hljóðgervlar.

Guðmundur Geir Jónsson:

Gítar, bassi og hljóðgervlar.

Bassi Ólafsson:

Trommur, ásláttur, upptökur og hljóðblöndun.



VELKOMIN Á BIFRÖST

HHS - heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði



HHS undirbýr nemendur fyrir atvinnumarkað þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð.

Námið er einnig góður undirbúningur fyrir fjölbreytilegt framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að blanda saman aðferðum heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gefur óvænt og gagnleg sjónarhorn.



Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári og er boðið upp á bæði fjarnám og staðnám.

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is



„Bruce Springsteen á Íslandi“

Monitor tók saman fánýtan fróðleik af ýmsu tagi um Stjórann sjálfan

Er sennilega einn farsælasti sóltónlistarmaður Bandaríkjanna. Hefur hlotið 21 Grammy-verðlaun, tvönn Golden Globe-verðlaun ásamt einum Óskarsverðlaunum, svo eitthvað sé nefnt. Óskarinn hlaut hann fyrir lag sitt úr myndinni Philadelphia, Streets of Philadelphia.

Í síðasta mánuði greindi Berlinske Tidende frá því að Springsteen fengi 250 milljónir íslenskra króna fyrir að koma fram á Hróarskeldu en heildarkostnaðaráætlun hátíðarinnar er upp á 900 milljónir.

Var vígður inn í Rock and Roll Hall of Fame árið 1999. Við vígsluna flutti Bono úr U2 ræðu um Springsteen. Sex árum seinna flutti Springsteen ræðu um rokkveitina írsku þegar hún var vígð inn í Frægðarhöllina.

Árið 2004 greindu Morgunblaðið og mbl.is frá því að Bruce Springsteen væri á landinu í boði Björgvins Halldórssonar. Með fréttinni fylgdu þær upplýsingar að Bó væri að semja við rokkarann heimsfræga um að syngja inn á dúettaplötu sína auk þess sem hann átti að halda

órafmagnaða tónleika á Nasa. Þegar allt kom til alls var hins vegar um að ræða aprílþátt.

Var kveðinn í herinn 18 ára gamall fyrir Vietnamstríðið en komst undan þegar hann stóðst ekki lækniþykningu. Ári fyrr hafði hann lent í smávægilegu mótorkjörslaslysi auk þess sem hann þótti of „villtur“ í framkomu.

Móðir hans hét Adele.

Hefur túrað um heiminn með undirleikssveit sinni E Street Band í 40 ár.

Helstu einkennismerki hans á sviði eru hvítur stuttermabolur, þröngar gallabuxur, höfuðklútur ásamt rafmagnsgítarum Fender Telecaster.

Menn hafa ekki einungis hlýtt á lög Springsteen úti um allan heim heldur einnig úti í geimi. Í geimferð flaugarinnar Discovery í desember 1999 var lag hans, Rendezvous, spilað sem vekjaratónn áhafnarinnar.

Á sama afmælisdag og tónlistarmaðurinn Ray Charles og leikarinn Jason Alexander úr Seinfeld.

RAMBO ROKKSINS

Bruce Springsteen er eitt af aðalnöfnum Roskilde Festival þetta sumarið. Monitor rýndi í valin atriði á löngum ferli eins stærsta rísa bandarískrar rokksögu.

Tónlist er eins og kynlíf

Orð Bruce Springsteen í textum hans hafa veitt ýmsum um heim allan mikinn innblástur. Monitor tók saman fáeinar fleygar setningar sem hann hefur látið út úr sér í viðtölum.

„Þegar ég var lítill voru tveir hlutir sem voru óvinsælir á heimilinu mínu. Annar var ég og hinn var gítarinn minn.“

„Það helsta sem ég hef heyrt frá aðdáendum í gegnum tíðina er: „Þú komst mér í gegnum þetta,“ og þá eru þeir að tala um skilnaði, útskrift eða skólagönguna, hinn eða þennan hluta lífs síns. Þá svara ég oftast: „Já, en veistu, þið öll komuð mér í gegnum ansi margt sjálf!“

„Að tala um tónlist er eins og að tala um kynlíf. Er hægt að lýsa henni? Á maður að gera það?“

„Enn þann daginn í dag þegar ég fer inn í ókunnug herbergi, eins og á hótelum, er það fyrsta sem ég geri að taka gítarinn upp úr töskunni og spila á hann í fimm til tíu mínútur. Þá líður mér eins og herbergið sé mitt eigið.“



ÞAD ER ALDEILIS DÝRT FYRIR HRÓARSKELDU-HÁTÍÐINA AÐ BORGA BRUCE'ANN

Dúettinn Bruce og JoJo

Bruce Springsteen tróð eitt sinn upp með aðaltrúbador Austurstrætis

Árið 1988 var Bruce Springsteen staddur í Kaupmannahöfn þegar hann rölti framhjá íslenska tónlistarmanninum JoJo, sem er líklega þekktastur fyrir að halda uppi lífi og fjöri með götuspilamennsku á Austurvelli. JoJo var þá að spila og syngja eins og honum einum er lagið og segir sagan að hann hafi kallað til Springsteen og boðið honum að spila með. Skemmst er frá því að segja að Stjórnin sló til og þeir spiluðu þrjú lög saman við mikinn fögnuð viðstaddra. Viðburðurinn náðist á upptöku og þetta sama kvöld birtist myndbandið í dönskum sjónvarpsfréttum auk þess sem hægt er að berja upptöðsluna augum á YouTube.



JOJO Í SKOPPANDI
STUÐI EINS OG JÓJÓ

Rassinn betri en andlitið



Born in the USA er á meðal mest seldu hljómsplata tónlistarsögunnar



Líklega er það óumdeilanlegt að Born in the USA, sem kom út árið 1984, sé frægasta plata Bruce Springsteen. Platan er sögð hafa selst í um 30 milljónum eintaka um heim allan og var hún sú fyrsta sem höfðaði almennilega til hlustenda og náði miklum vinsældum í útvarpi og í kjölfarið varð Stjórnin sannkallað poppikon í Bandaríkjunum. Tveimur árum áður hafði fyrsta Rambo-myndin

komið út en Springsteen var nokkrum sinnum kallaður „Rambo of rock and roll“, bæði vegna klútatískunnar og tengsla við Vietnamstríðið. Ljósmyndin á plötuumslaginu var tekin af Annie Leibovitz en Bruce hafði eftirfarandi um ljósmyndina að segja: „Við tókum helling af myndum en í lokin leit myndin af rassinum á mér betur út en myndir af andlitinu, svo hann endaði á umslaginu.“

SPENNANDI
NÁM OG ÖFLUGT
FÉLAGSLÍF Í HÁSKÓLA
Í FREMSTU RÖÐ



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2012-2013 er til 5. júní 2012. Móttaka rafræna umsókna er hafin á heimasíðu háskólans, hi.is.

Bjóðum enn betur!

- DEKKJATILBOÐ -

Fjögur dekk og umfelgun innifalin í verði



TILBOÐ NR. 1 | STÆRD 175/70 R 13



TILBOÐ: 34.800 KR.

TILBOÐ NR. 2 | STÆRD 175/65 R 14



TILBOÐ: 40.055 KR.

TILBOÐ NR. 3 | STÆRD 185/65 R 14



TILBOÐ: 40.202 KR.

TILBOÐ NR. 4 | STÆRD 185/65 R 15



TILBOÐ: 46.802 KR.

TILBOÐ NR. 5 | STÆRD 195/65 R 15



TILBOÐ: 49.349 KR.

TILBOÐ NR. 6 | STÆRD 205/55 R 16



TILBOÐ: 52.799 KR.

TILBOÐ NR. 7 | STÆRD 225/45 R 17



TILBOÐ: 63.902 KR.

TILBOÐ NR. 8 | STÆRD 215/60 R 16



TILBOÐ: 68.962 KR.

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði



...og við geymum
vetrardekkin

BÍLKÓ SMURSTÖÐ



20% AFSLÁTTUR AF VINNU


Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að vélin sé smurð á réttum tíma. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.



Tökum Olískort.




BREMSUKLOSSAR




20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Bremsuklossaskipti á réttum tíma er gríðarlega mikilvægur þáttur í öryggismálum bifreiðar. Skipti á réttum tíma tryggja endingu bremsudiska og veita öikumanni og farþegum aukið öryggi í umferðinni og við notkun bifreiðar.



RAFGEYMAR

Bílkó selur og skiptir um rafgeyma og hefur á lager rafgeyma í flestar gerðir bíla.



PERUR

Ljósín eru mikilvægur öryggisþáttur í umferðinni. Við hjá Bílkó seljum og skiptum um perur í flestum gerðum bíla.



RÚÐUÞURRKUR

Í umferðinni er mikilvægt að sjást vel og sjá aðra. Við hjá Bílkó seljum og skiptum um rúðuþurrkur í flestum gerðum bíla.

Bílkó á
BETRA VERDI
í allt sumar!

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Hræðist að fólk hætti að hringja

Sigríður Thorlacius byrjaði í MH-kórnum sem smábarn en stefndi þó aldrei meðvitað að því að verða söngkona. Hún sagði **Monitor** frá bílprófsleysinu, skautadrottningarárunum og óttanum við að allir hætti að hringja í hana.

Sigríður Thorlacius hefur heillað unga sem aldna, konur og karla undanfarin ár með gullfallegum söng. Þekktust er hún fyrir söng sinn með hljómsveitinni Hjaltalín en hún hefur einnig vakið athygli ein síns liðs eða með sjálfa Sinfóníuhljómsveit Íslands sér til halds og trausts. Hún segist aldrei beint hafa stefnt að því að verða söngkona þó svo hún hafi sungið frá blautu barnsbeini. Jafnvel þótt hún sé þaulvön að koma fram segir hún að endrum og eins örlí fyrir stressi hjá henni fyrir tónleika, einkum þegar hún syngur við ókunnugar aðstæður. „Mér líður þægilegast að syngja með hljómsveitinni sem ég þekki best en auðvitað get ég líka orðið stressuð við þær aðstæður en þá fer það kannski bara eftir tunglstöðunni eða eitthvað,“ sagði söngkonan í léttum dúr þegar hún settist niður með blaðamanni **Monitor** og fræddi hann um framtíð Hjaltalín og hvaða lag hún myndi syngja í afmæli Tom Cruise, svo eitthvað sé nefnt.

Texti: Einar Lövdahl einar@monitor.is
Myndir: Styrmir Kári Erwinsson styrmirkari@mbl.is

Í síðustu viku söngst þú á tónleikum með Sigurði Guðmundssyni og Sinfó þar sem lagaskráin samanstóð af sígildum dægurlögum og í næsta mánuði kemur þú til með að syngja á Íslenskum dægurperlum. Ert þú gömul sál?

Já, ætli ég sé ekki svolítið gömul sál en reyndar veit ég ekki endilega hvort það hafi eitthvað með einmitt þetta að gera. Þetta er einhvers konar flétta atburðarása að ég sé að syngja þessi lög. Ég gerði upphaflega plötu með lögum Jóns Múla við texta Jónasar Árnasonar árið 2009 en sú plata var ekki einu sinni beint mín hugmynd. Sinfóníutónleikarnir urðu síðan bara til þegar hljómsveitin nálgast okkur Sigga, við höfum náttúrulega bæði verið að syngja lög af þessum toga. Að sama skapi setti Helgi Björns sig í samband við mig hvað varðar Dægurperlutónleikana. Eitt hefur leitt að öðru, þetta var ekki þannig að ég hafi hugsað mér sjálfri mér: „Ókei, ég ætla eingöngu að syngja svona klassísk dægurlög.“ Það er hins vegar mjög skemmtilegt að grípa til þessara laga enda svo ótrúlega mikið af flottum dægurlögum til.

Þú ert langyngst af fimm systur svo segja má að þú hafir átt margar mömmur þegar þú varst að alast upp. Varst þú fyrir vikið litla prinsessa fjölskyldunnar?

Ég held að ég sé örugglega álitin dálítill forréttindaprinsessa af systur mínum en það er aðallega í seinni tíð. Þegar ég var lítil upplifði ég mig aldrei þannig, ég fór minna ferða í strætó með lykil um hálsinn og þurfti bara að redda mér hingað og þangað yfir daginn eins og aðrir. Það þurfti ekki að skutla mér út um allt en systur mínar voru duglegar að taka mig með sér út um allt. Ég kann ekki að keyra bíl en í seinni tíð hef ég verið dekrúð með skutli og aðra slíka aðstoð sem fólk á mínum aldri hefur ekki endilega þörf fyrir.

Hvernig stendur á því að þú sért bílprófsleysingi?

Það að læra á bíl var einhvern veginn aldrei eitthvað sem mig langaði til að gera. Þegar ég var 22 ára eða eitthvað ákvað pabbi minn að nú væri kominn tími á mig og hringdi í ökukennara handa mér. Í kjölfarið fór ég alveg í svona tíu ökutíma en mér fannst þetta ekkert skemmtilegt og þetta endaði bara á að ég fór að skröpa eða var alltaf að hringja í kennarann og útskýra að ég kæmist því miður ekki í tíma. Eftir

það fjaraði þetta bara út. Ég hlýt samt að læra þetta á endanum. Annars bý ég niðri í bæ og er ágætlega dugleg við að labba og hjóla. Svo er ég rosalega góður viðskiptavinur hjá Hreyfli, ég ætti eiginlega að vera komin með afslátt. Ég hjóla styttri vegalengdir, tek leigubíl þegar um er að ræða millilangar vegalengdir og hvað varðar þær lengstu reyni ég að taka strætó, til að ganga ekki alveg fram af skutlurum mínum.

Mér skilst að á árum áður hafir þú verið skautadrottning. Er það liðin tíð?

Já, það er vist liðin tíð. Ég æfði listdansskauta nokkuð lengi en ástæðan fyrir að ég hætti var sú að það kom að því að það ætti að vera einhver keppni þegar ég var svona tólf eða þrettán ára þar sem mér voru settar einhverjar skorður sem ég gat ekki sætt mig við. Ég man ekki nákvæmlega hverjar þær voru en skyndilega fannst mér þetta ekki henta mér, ég var með einhverja frekju. Í dag get ég alveg skautað fram og til baka eins og venjulegt fólk en ég er ekki beint hoppandi á skautum eða eitthvað, ég þori því ekki lengur.

Þú gekkst í MH og varst meðlimur í hinum sögufræga kór þar á bæ. Hvernig var lífið í MH-kórnum og skólanum sjálfum?

Það var æðislegt. Ég átti auðvitað allar þessar eldri systur sem höfðu bæði verið í skólanum og kórnum og ég ætlaði aldrei í neinn annan skóla. Mér fannst gott að vera í svona opnum skóla, eins og þessir áfangaskólar eru, þar sem þú getur valið þína eigin línu og tínt til þad sem þú vilt læra. Að vísu fannst mér það dálítið erfitt til að byrja með. Kórstarfið varð virkilega mikilvægur partur í skólalagunni og þar sitja eftir mjög sterk vina- tengsl og góðar minningar. Ég byrjaði reyndar að mæta á kóræfingar þegar ég var smábarn með eldri systur mínum svo það má segja að ég hafi í raun byrjað í kórnum löngu áður en ég byrjaði, eða þannig. Þetta er samstarf sem er ótrúlega hollt og gott að vera hluti af, maður lærir einhvers konar aga og auðvitað helling í tónlist. Ég held að það sé rosalega gott fyrir fólk að prófa að vera hluti af svona hópsál, hvort sem það er í kór, einhverri hópiþrótt eða bara hópastarfi almennt.

Var það þar sem áhugi þinn á söng og tónlist kviknaði?

Kannski svona beggja blands. Ég er alin upp í þessu starfi á einhvern hátt og svo fór ég eins og svo margir krakkar að læra á píanó. Á sama tíma og ég byrjaði í MH byrjaði ég í Söngskólanum í Reykjavík en ég minnst þess ekki að hafa stefnt að því þá að verða söngkona sem slík. Eftir stúdent frá MH fór ég í FÍH í djasssöng en það var bara upp á tilbreytinguna, mig langaði bara að prófa eitthvað annað en klassíska námið í Söngskólanum en ætlaði mér ekkert endilega einu sinni að klára það sem ég endaði samt á að gera.

Lifir þú á söngnum?

Já, ég hef verið svo heppin að lifa á þessu en ég

Ég grenja alveg jafnoft í þeim öllum og þau í mér, það er bara jafnvægi í því. Við erum bara öll hvers annars mömmur, systur, bræður og feður.

meina ég á ofboðslega góða foreldra og mjög skilningsríkan þjónustufulltrúa í bankanum. Maður nær að vinna sér inn salt í grautinn. Stundum koma tímar þar sem það er rosalega mikið að gera og maður getur valið úr verkefnum en svo koma líka þurrkatíðir inn á milli. Ég ætti þó kannski að vera duglegri í að skipuleggja mig auk þess sem ég er ekkert rosalega vel fjárhagslega þenkjandi, en þetta er allt að koma.

Þú hefur gert garðinn frægan sem söngkona hljómsveitarinnar Hjaltalín. Þú varst þó ekki með hljómsveitinni frá stofnun. Hvernig vildi aðkoma þín að hljómsveitinni til?

Þeir höfðu starfað sem dálítið öðruvísi band en þeir eru í dag í tvö ár en um 2006 fóru þeir að semja öðruvísi tónlist, fóru að leggja drög að fyrstu plötunni og fengu til sín þessi klassíska hljóðfæri sem hafa verið í hljómsveitinni síðan. Ég var í Skapandi sumarstarfi með Gumma, Högna og Hirti og við vorum að spila og syngja úti um allan bæ og upphaflega fengu þeir mig til að syngja einhverjar bakraddir með Hjaltalín og að lokum tvinnaðist þetta bara svolítið ósjálfrátt saman, sumarstarfið og hljómsveitin þeirra. Ég man ekki til þess að mér hafi nokkurn tímann verið boðið formlega að vera með né að það hafi verið eitthvert handsal. Ég hef kannski bara laumað mér inn í hljómsveitina bakdyramegin.

Nú ert þú elst meðlima í hljómsveitinni. Ert þú mamman í hópnunum?

Nei, í rauninni ekki. Ég er vissulega eldri en hinir krakkarnir en hópurinn starfar meira bara eins og fyrirtæki. Einhver einn er voðalega klár í fjármálum og þá sér hann um þau, annar er góður í markaðssetningu og hann sér um það og allir hafa sína styrkleika sem aðrir hafa ekki. Ég hlýt að hafa eitthvað sem ég átta mig þó ekki alveg á hvað er að svo stöddu (hlær). Ég rek ekkert alla á fætur né passa upp á að allir fái kaffið sitt, ég tek bara þátt í því eins og aðrir. Ég grenja alveg jafnoft í þeim öllum og þau í mér, það er bara jafnvægi í því. Við erum bara öll hvers annars mömmur, systur, bræður og feður.

Síðasta plata hljómsveitarinnar, **Terminal**, kom út árið 2009 og fékk frábærar viðtökur. Bólar eitthvað á nýju efni frá sveitinni? Verður erfitt að fylgja **Terminal** eftir? Við spiluum

SIGRÍÐUR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 21182.

Uppáhaldsmatur: Kjötúsúpa með óvæntu tvisti.

Uppáhaldsstaður í heiminum:

Niðri við Signubakka í París á sólríku degi. Annars hvar sem ég er hverju sinni með góðu og skemmtilegu fólk.

Uppáhaldslistarmaður: Serge Gainsbourg.

Versti ótti: Að allir hætti að hringja í mig, ég verð bara al-ein, sniðgengin af samfélaginu og gangi af göflunum.

Æskuátrúnaðargoð: Þetta er einfalt. Fram til 12 ára aldurs dýrkaði ég gjörsamlega Whitney Houston. Á unglingsárum varð ég síðan heltekin af Björk Guðmundsdóttur.

1982 Fæðist þann 21. nóvember.

Elst upp í Laugar- dalnum og gengur í Ísaks- og Laugarnes- skóla.

1998 Byrjar í Söngskóla Reykjavíkur samhliða MH.

2002 Útskrifast úr Mennta- skólanum við Hamrahlíð.

2003 Dvelur í París í hálf ár veturinn eftir menntó.



2007 Hjaltalín sendir frá sér sína fyrstu plötu, *Sleepdrunk Seasons*.

2008 Platan *Á Ljúflingshól* með Sigríði Thorlacius og Heiðurspiltum kemur út.



2011 Syngur með Sinfóníu- hljómsveit Íslands í Hörpu ásamt Sigurði Guðmundssyni. Tónleikarnir eru gefnir út á plötu skömmu fyrir jól og hlýtur gríðargóðar viðtökur.





2012
Prýðir forsiðu
Monitor þann
10. maí.

viðtalið

dálítið af nýju efni á síðustu Airwaves-hátíð og á tónleikum fyrir síðustu jólf. Annars er þetta allt bara á vinnslustigi. Við erum að búa til nýtt efni og nóg af því þannig að það sé hægt að velja það besta af því á næstu plötu. Þetta er vinna sem gengur ekki beint hægt heldur má bara ekki flýta henni. Þetta mjatlast vel og ánægjulega áfram.

Terminal var allt öðruvísi plata heldur en komandi plata. Hún var stór, sífónísk plata sem var tekin upp með stórrí kammersveit og við erum ekki að fara að gera það aftur. Auðvitað er það alltaf þannig að ef fólk kaupir plötu með hljómsveit þá kannski býst það við því að fá eitthvað sem er í svipuðum dúr og eldra efni sveitarinnar en í þetta sinn erum við að vinna með allt öðruvísi hljóðheim og í raun öðruvísi tónlist. Gæðin verða þó svo sannarlega til staðar.

Sinfóníutónleikarnir með ykkur Sigurði Guðmunds-syni voru teknir upp í fyrra og komu út á plötu fyrir síðustu jólf sem hitti í mark hjá landanum. Hver er lykkillinn að þessu vel heppnaða samstarfi hjá ykkur?

Við Siggi höfum sungið oft saman í gegnum tíðina og til dæmis haldið saman einhverja tónleika í gríni sem og alvöru og ég hef aðeins unnið með honum uppi í hans vinnu með Memfismafiunni. Við þekkjumst þar af leiðandi vel og erum kannski svipuð að mörgu leyti. Við höfum svipaðan bakgrunn, erum fyrst og fremst söngvarar úr einhvers konar popp-hljómsveitum en höfum síðan bæði verið að syngja þessi klassíska dægurlög. Þegar Sinfóníuhljómsveitin bauð okkur að syngja með sér á þessum tónleikum fengum við strax frá upphafi að taka þátt í að velja lög og það hefur örugglega haft þónokkuð að segja.

Tónleikarnir voru haldnir í hinum mikilfenglega Eldborgarsal í Hörpu. Hvernig er tilfinningin að standa berskjaldaður á þessu sviði fyrir fullum sal af fólki?

Húsið er rosalega flott og salurinn er æðislegur en helstu viðbrögðin fyrir mér voru þau að vera að syngja með Sinfóníuhljómsveit. Ég er von því að vera að syngja með kannski þremur eða fjórum undirleikurum eða hljómsveit eins og Hjaltalín. Í þeim tilfellum er það þannig að ef ég fer út af sporinu þá eru þeir frábæru spilarar mjög fljóttir að átta sig og geta gripið inn í. Þegar þú stendur fyrir framan Sinfó og stjórnanda, þá er enginn að fara að elta mig, maður getur gleymt því. Ef ég geri einhverja vitleysu þá er enginn að fara að redda mér út úr því og það verður mjög augljóst. Það fannst mér erfitt og jafnvel þínu ógnvekjandi. Það er samt ekki svo að skilja að ég sé alltaf að klúðra og fólk þurfi alltaf að redda mér (hlær).

Færd þú stresshnút í magann fyrir svona tónleika?

Ég verð alveg oft stressuð en það hefur ekkert endilega með stærð salarins eða fjölda gesta að gera. Það er frekar þegar þú ert í aðstæðum sem þú þekkir ekkert rosalega vel, til dæmis ef þú ert að syngja með hljóðfæraleikara sem þú þekkir ekkert sérstaklega vel. Ég var vissulega dálítið stressuð fyrir þessa tónleika með Sinfó. Árið áður hafði Hjaltalín líka spilað með Sinfó og fyrir fyrsta skiptið sem við gerðum það var ég svo stressuð að ég man varla eftir tónleikunum. Mér líður þægilegast að syngja með hljómsveitinni sem ég þekki best en auðvitað get ég líka orðið stressuð við þær aðstæður en þá fer það kannski bara eftir tunglistöðunni eða eitthvað (hlær).

Hver eru þín helstu áhugamál utan tónlistarinnar?

Ég er rosalega mikil áhugamanneskja um kaffi og þá er ég ekki að tala um að ég þæli í því við hvaða hitastig það er best að rista kaffibaunir, heldur er ég alveg sólgin í kaffi. Á einhverjum augnablikum í lífi mínu þar sem ég get ekki fengið kaffi, þá verður það gjarnan að rosalega stóru vandamáli. Annars reyni ég bara að taka virkan þátt í því samfélagi sem við búum í. Ég fer í leikhús, á tónleika, á barinn og á kaffihús. Ef maður tekur ekki þátt í því, þá fara kannski allir að hætta að hringja í mann (sjá „versta ótta“ í Sigríður á 30 sek.).

Hvað finnst þér skemmtilegast af því sem er um að vera í íslensku tónlistarlífi í dag?

Það er svo margt enda fjölskrúðugt tónlistarlíf hérna. Það er hellingur af nýjum og skemmtilegum hljómsveitum en svo hefur mér alltaf þótt skemmtilegt hvað það er mikið af fólki sem er svo duglegt við að vera milli hljómsveita og

í alls konar verkefnum. Það er ekkert tiltökumál þótt tónlistarfólk sé að gera alls konar. Þú getur verið að spila á bassa í einhverri heavy metal-hljómsveit en samt líka verið að spila fusion-djass með einhverri annari hljómsveit. Mér finnst það heillandi og finnst ég heppin að hafa fengið að kíkja inn í alls konar herbergi í tónlistarsenunni í staðinn fyrir að fólk festi mann bara við einhverja eina ákveðna stefnu.

Það styttesti óðum í Eurovision. Stefni þú á að verða Eurovision-fari Íslendinga einhvern tímann í náinni framtíð?

Nei, en það er fyrst og fremst vegna þess að ég væri engan veginn góður fulltrúi fyrir land og þjóð með sólgleraugu að syngja einhver gömul Eurovision-lög á

Nei, en það er fyrst og fremst vegna þess að ég væri engan veginn góður fulltrúi fyrir land og þjóð með sólgleraugu að syngja einhver gömul Eurovision-lög á blaðamannafundi.

blaðamannafundi. Ég held að íslenska þjóðin myndi ekki vilja það. Það er bara fínt að þeir sem eru góðir í því taki það að sér.

Sögur herma að Tom Cruise hyggist fagna fimmtugsafmæli sínu hérlendis þann 3. júlí næstkomandi. Segjum sem svo að þú sért bókuð til að syngja í veislunni, hvaða lög myndir þú syngja og hvers vegna?

Ég myndi að sjálfsögðu syngja lagið Take My Breath Away með Berlin sem var aðallagið í myndinni Top Gun. Ég hugsa að ég myndi láta þar við sitja. Ég hef engin persónuleg tengsl við Tom Cruise þannig að mér dettur ekkert annað lag í hug sem við tengjumst í gegnum, fyrir utan það að þetta er mjög gott lag.

Nú er sólin farin að láta sjá sig á lofti. Hvað er framundan hjá þér í sumar og það sem eftir lifir árs?

Það er náttúrulega bara að sigla áfram einhvern sjó í hinu og þessu hoppi og híi. Ég á svo sem eftir að skipuleggja sumarið en fyrir mér væri æðisleg staða ef ég gæti verið sem mest úti á landi. Ekkert endilega á neinum sérstökum stað, það er bara svo hrikalega gaman að vera úti í sveit á sumrin. Svo þarf ég bara að vera dugleg við að hjóla um bæinn og drekka kaffi og minna fólk þar með á mig svo það hætti ekki að hringja í mig. Ég er lítið fyrir það að vera með svaka yfirlýsingar um markmið eða plön næstu ára því þau gætu breyst á morgun og þá þætti mér alltaf leiðinlegt að sjá einhverjar úreltar yfirlýsingar á prenti.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Svareð mitt er dálítið týpískt, en það er Kaupmannahöfn. Ég fór að heimsækja vinkonu mína sem býr þar. Félagsskapurinn hefði ekki getað verið betri þótt áfangastaðurinn hafi ekki verið sá mest framandi.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var á Snaps, hvorki í fyrsta né síðasta skipti. Þar fékk ég mér fisk dagsins sem þá var mjög góður silungur. Ég mæli eindregið með þeim stað.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á:

Síðasta mynd sem ég sá í bíó var My Week with Marilyn. Síðan grenjaði ég yfir sunnudagsmyndinni á RÚV í gær, Hótel Rwanda. Ég fór að sofa með það í huga hvað ég hefði það í raun ofboðslega gott.



Síðasti hlutur sem ég keypti: Ég keypti mér kaffibolla, kókó-mjólk og banana í hádeginu.



Síðasta húsverk sem

ég innti af hendi: Ég þarf að inna mjög mörg húsverk af hendi heima hjá mér akkúrat núna en það síðasta sem ég gerði var að vaska upp. Maður kemst aldrei hjá því.



Síðasta skipti sem ég

sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég held að ég hafi síðast sagt það við Hildigunni vinkonu mína í gær. Að svo mæltu fatta ég að maður ætti kannski að vera duglegri við þetta.



**VILTU
VINNA
EINTAK?**

DIABLO

Tryggið
ykkur
eintak í
forsölu
á elko.is



PC - MAC

Lendir

**15.
maí**



**SENDU EST DB3 Í NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR
MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ
EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

**GEGGJAÐIR
AUKAVINNINGAR!**

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

DIABLO III

Í Diablo III geta leikmenn búið til sínar eigin persónur úr fimm mismunandi klössum og er hver þeirra vopnuð allskyns hæfileikum og göldrum. Umhverfi leiksins er ævintýri líkast og söguþráðurinn stórbrotinn. Diablo III er ótrúlega hraður og hasarmikill hlutverkaleikur sem er verðugt framlag í þessari mögnuðu seríu.

**9. HVER
VINNUR!**
FJÓLDI
AUKAVINNINGA

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 5. maí.
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.
Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.
Leik lýkur 4. maí 2012

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115



ÚT Á LÍFIÐ

Þægindi eru efst á lista, en það er alveg hægt að raða því saman þannig að maður líti skitsæmilega út.
Jakki: American Apparel
Gallaskyrta: Rokk og Rósir
Bolur: Topman, London
Buxur: Kronkron
Derhúfa: Húfubúðin Kringlunni
Skór: Noland



DAGS-DAGLEGA

Ég gríp iðulega það sem hendi er næst þegar ég vakna og það tekst oftast sæmilega til. Ef ekki þá grípa meðleigjendurnir inn í og beina mér á réttu brautina.
Bolur: Boss í Kringlunni
Peysa: Gap, Boston (Laufey meðleigjandi minn á hana)
Buxur: Kronkron
Skór: Topman

FÍNASTA FÍNT

Þegar ég neyðist til þá set ég á mig slaufu eða bindi og munda hvítu skyrtuna. Stundum þarf fólk að gifta sig, skíra eða ferma og það ber að virða.
Skyrta: Kormákur & Skjöldur
Jakki: Beyond Retro
Slaufa: Kormákur & Skjöldur
Buxur: Kronkron
Skór: Kron



Stelst oft í fataskápinn

hjá meðleigjandanum

Stíllinn fékk smekkmanninn **Stefán Jóhann** til að klæða sig upp fyrir þrjú mismunandi tilefni þessa vikuna

Stefán Jóhann Sigurðsson er 24 ára gamall viðskiptafræðinemi og söngvari á uppleið. Hann hefur nýlokið þátttöku í Hæfileikakeppni Íslands þar sem hann komst í úrslitabáttinn og fékk mjög góðar undirtektir. Stíllinn fékk að kíkja í fataskápinn hjá Stefáni ásamt því að spyrja hann út í skoðanir hans á fatatísku almennt.

Spáir þú mikið í tiskunni? Ekkert bilað mikið, en ég er með ákveðnar meiningar og veit hvað ég vil.

Hvar verslar þú helst? Ég versla allar mínar buxur í Kronkron, en Kormákur & Skjöldur eru í uppáhaldi líka auk Zöru. Svo var ég að uppgötva GK sem er rosa fin búð.

Átt þú þér einhverja fyrirmynd í fatavali? Nei, ekki beint, bara snyrtilegt fólk í góðu jafnvægi. Kannski reyndar Laufey meðleigjandinn minn, hún kaupir sér stundum strákaföt sem ég stelst svo í að nota óspart og iðulega í leyfisleysi.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Hann er svona ákveðinn millivegur, mér finnst óþægilegt að vera „overdressed“ þannig að ég er oftast nær svona casual-fínn.

Er eitthvað sérstakt sem þú hlakkar til að klæðast í sumar? Ég væri alveg til í að finna mér einhverjar frábærar stuttbuxur. Og nýjar sundbuxur því gömlu finu týndust.

Hefur þú einhverntímann litið til baka og séð eftir að hafa klæðst einhverju? Ég á allavega hvorki hvítu Tommy Hilfiger-hettupeysuna né appelsínugula/fjólubláa Adidas-gallann lengur. Það útskýrir sig sjálft.

Ef þú værir að syngja á tónleikum í Eldborgarsalnum í Hörpu, hverju myndir þú klæðast? Þá myndi ég jafnvel bregða út af vananum og klæðast jakkafötum. En ef ekki, þá finni peysu, því ég elska peysur, og nýju Cheap Monday-gallabuxunum. Þær eru dökkar þannig að það má alveg.

AFMÆLIS TILBOÐ
GILDIR TIL 13. MAÍ

5
ára gamalt
verð!

16" Pizza
2 áleggstegundir
ostabraudstangir
2 L Pepsi

1990

16" Pizza
2 áleggstegundir

1290

gítar-
eingöngu
ef sótt
er

ATH!
opið til kl. 01
um helgar í Gnoðavogi

Gnoðavogi 44
Ananaustum 15
Eddufelli 6

581 15 15



LETTÖL

LANGAR ÞIG AÐ KOMAST FRÍTT Á ROCK IM PARK

STÆRSTA ROKKFESTIVAL ÞÝSKALANDS
1. - 3. JÚNÍ NK.

FYLGDU „BECK'S Á ÍSLANDI“ Á FACEBOOK 

METALLICA - KASABIAN - MOTÖRHEAD - THE HIVES
KEANE - LINKIN PARK - SHINEDOWN - THE OFFSPRING
MACHINE HEAD - CYPRESS HILL - AZEALIA BANKS
EVANESCENCE - GUANO APES - TENACIOUS D
THE TING TINGS - AWOLNATION - MARILYN MANSON
THE MACCABEES - TINIE TEMPAH - THE SUBWAYS
BILLY TALENT - CHASE & STATUS - MASTODON
PETER DOHERTY - SOUNDGARDEN - FM BELFAST
OFL. OFL.

20 ÁRA ALDURSTAKMARK



ÞAÐ ÆTLAÐI ALLT UM KOLL AÐ KEYRA ÞEGAR JIMMY CHOO GAF ÚT SKÓ- OG FYLGIGHLUTALÍNU FYRIR VERSLUNARKEÐJUNA.



STJÖRNURNAR GANGA LÍKA Í H&M. NATALIE PORTMAN SÉST HÉR Í LANVIN FYRIR H&M-KJÓL Á RAUÐA DREGLINUM.



KALLI ER ALLTAF HRESS. HANN LÉT ÚT ÚR SÉR AÐ HANN HAFI ALLTAF VERIÐ HRIFINN AF H&M EN MÖRGUM FANNST HANN EKKI LEGGJA NÓGU MIKINN METNAÐ Í LÍNUNA.



LÍNU DONATELLU VERSACE FYRIR H&M VAR BEIÐ MEÐ EFTIRVÆNTINGU OG SELDIST UPP Á AÐEINS EINUM DEGI.

H&M gestahönnuðirnir

Stíllinn tók saman helstu samstörfin í gegnum tíðina

Anna Dello Russo, ritstjóri japanska Vogue, verður næsti gestahönnuður H&M, en um skartgripalínu er að ræða. Þó að Anna hafi ekki verið þekkt fyrir hönnun fyrr er hún ein helsta tískufyrirmynd heimsins í dag og veit svo sannarlega hvað hún syngur í þeim efnum. Síðan 2004 hefur verslunarkeðjan H&M unnið náið með nokkrum af þekktustu hönnuðum heims. Samvinna þessi hefur átt mikilli velgengi að fagna. Venjan er að fólk bíði klukkutímum og jafnvel dögum saman fyrir utan verslanirnar og línurnar seljast undantekningarlaust upp. Það er ekki skrítið, enda er þetta góð leið fyrir meðalmanneskju til að eignast síkur eða fylgihluti frá sínum uppáhaldshönnuði án þess að greiða handlegg fyrir.



ANNA DELLO RUSSO MEÐ SKARTGRÍPI ÚR LÍNUNNI SEM ER VÆNTANLEG Í HAUST.



LÍNAN SEM HÖNNUNARÐÚÓIÐ VIKTOR & ROLF SENDU FRÁ SÉR ER Í MIKLU UPPÁHALDI HJÁ MÖRGUM TÍSKUSPEKULÖNTUM.



COMME DES GARÇONS-LÍNAN VAR KOMIN Á EBAY 20 MÍNÚTUM EFTIR AÐ HÚN KOM Í BÚÐIR. GERI AÐRIR BETUR!

- Nóvember 2004: Karl Lagerfeld
- Nóvember 2005: Stella McCartney
- Nóvember 2006: Viktor & Rolf
- Mars 2007: Madonna
- Nóvember 2007: Roberto Cavalli
- Haust 2008: Comme des Garçons
- Apríl 2008: Matthew Williamson
- Nóvember 2009: Jimmy Choo
- Desember 2009: Sonia Rykiel
- Nóvember 2010: Lanvin
- Febrúar 2011: Elin Kling
- Nóvember 2011: Versace
- Mars 2012: Marni
- Haust 2012: Anna Dello Russo

Ætlaði sér alltaf að vinna

Birta Ísólfisdóttir bar sigur úr bítum í keppninni Hannað fyrir Ísland á dögnum. Hún útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2010 og starfar nú hjá 66° norður.

Hvað ert þú að bralla þessa dagana? Ég er að vinna sem hönnuður hjá 66° norður og hef verið að gera það síðustu fjóra mánuði. Við erum nýbúin að vera með stóra tískusýningu í Bláa lóninu í samstarfi við Hönnunarmars sem var mjög skemmtileg. Núna erum við að vinna að vetrarlínu 2013. Svo er ég að njóta þess að mega segja frá því að ég hafi unnið keppnina og sé starfandi hjá 66° norður, það hefur verið mikið leyndarmál síðustu 6 mánuði vegna þess að þættirnir fóru ekki strax í sýningu.

Er þetta draumavinnan þín? Já. Þetta er alveg klárlega með bestu stöðum á Íslandi fyrir fatahönnuð til að vera starfandi á. Þar er líka ótrúlega ljúft og skemmtilegt fólk, og góður starfsandi.

Hvert sækir þú innblástur þegar þú hannar fyrir 66° norður? Ég hef alltaf fylgst mikið með fólkinu í kringum mig. Þessi vinna snýst mikið um smáatriði, svo ég skoða þau mjög mikið, hvernig sem flíkin er. Svo er alltaf hægt að sækja innblástur í íslenska náttúru, sérstaklega þegar um litasamsetningar er að ræða. Mér finnst líka allt tengt sjónum og höfninni fallett. Það er rosalega gaman að labba niður á höfn og skoða litina. Allt frá hafinu sjálfu til gamalla ryðgaðra skipa er áhugavert.

Er einhver sérstakur þáttur af Hannað fyrir Ísland í uppáhaldi? Já, lokaþátturinn auðvitað. Síðasta verkefnið okkar



BIRTA
Fyrstu sex: 120788.
Heimabær: Hvolsvöllur.
Uppáhalds-fatahönnuður: Martin Margiela.

BIRTA, BÍDD'EFTIR MÉR

var götutíska, og þar var ég algjörlega í essinu mínu. Það var líka auðveldast að leysa það vegna þess að við vorum komin með tæknilegu hliðina og gátum bara einbeitt okkur að því að hanna. Svo var líka gaman þegar við fórum upp á Sólheimajökul, það var ansi hressandi.

Í einum þættinum fóruð þið með bát út á sjó. Hver var tilgangurinn með því? Við áttum að sjá hvernig alvöru aðstæður eru hjá sjómönnum og hvernig sjógallar henta við þær. En veðrið var hræðilegt og við vorum öll rennandi blaut og okkur ískalt. Við köstuðum öll upp nema Þórhallur, en hann hafði verið á sjó einu sinni.

Ætlaðir þú þér alltaf að vinna þessa keppni? Já, maður fer ekkert í keppni nema ætla sér að vinna hana.

Nú eruð þið Laufey sem endaði í þriðja sæti mjög góðar vinkonur. Reyndi samkeppnin ekkert á vinskapi? Nei, alls ekki. Við vorum saman í bekk í Listaháskólanum þar sem er

alltaf mikil samkeppni. Við erum líka svo ólíkir hönnuðir og erum að gera allt öðruvísi hluti. Svo erum við bara svo góðar vinkonur að þetta var aldrei neitt mál. Okkur fannst eiginlega bara skemmtilegra að taka þátt í þessu saman og gaman að við komumst báðar svona langt. Við studdum hvor aðra mjög mikið.

Ert þú með einhver plön fyrir framtíðina? Já, hugurinn leitar alltaf eitthvað út. Kannski í meira nám eða finna mér einhverja góða vinnu þegar mér finnst ég vera nógu reynd til að geta sótt um. Ég er að fá ómetanlega reynslu hjá 66 og hef lært ótrúlega margt á þessum stutta tíma sem ég er búin að vera þar.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Vinna eins og brjálæðingur. Síðan langar mig að fara til New York og Los Angeles í smá frí. Ég ætla líka að vera dugleg að skella mér til mömmu og þabba í sveitasæluna á Hvolsvelli og jafnvel skella mér í nokkrar fjallgöngur.



PRÓFAÐU NÝJAN
burn® **BLUE REFRESH**


KVEIKIR Í ÞÉR

„See you later, Joben!”
I Love You, Man (2009)



HÖRKU SPENNUMYND FRÁ
LUC BESSON SEM
FÆRÐI OKKUR TAKEN!

**VILTU
VINNA
MIÐA?**

GUY PEARCE MAGGIE GRACE
LOCKOUT

FRUMSÝND 11. MAÍ

SENDU SMS SKEYTIÐ

**ESL LOV Á
NÚMERIÐ 1900**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



**9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA**

FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

**TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR
GOS OG FLEIRA!**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



ÁSTIN GLEÐUR ALLA,
KONUR OG KARLA

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

The Five-Year Engagement

Þau Tom og Violet hafa ruglað saman reitum og ekki ber á öðru en að þau eigi afar vel saman þótt trúarlegur bakgrunnur þeirra sé ólíkur. Áður en langt um líður ákveður Tom að skella sér á skeljarnar og biðja Violet um að giftast sér. Hún þarf ekki að hugsa sig tvisvar um og segir já. Þar með eru þau trúlofuð. En trúlofuninni fylgir sú pressa að allir, bæði vinir, fjölskylda og aðrir ættingjar, vilja fá að vita hvenær

Leikstjóri: Nicholas Stoller.
Aðalhlutverk: Jason Segel, Emily Blunt, David Paymer, Michael Ensign, Jim Piddock, Mimi Kennedy, Dakota Johnson, Chris Pratt and Alison Brie.
Lengd: 124 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárábíó og Borgarbíó Akureyri.

sjálft brúðkaupið verður haldið. Í fyrstu stefna þau Tom og Violet á að gifta sig innan árs frá trúlofuninni en óvænt atvinutilboð sem Violet fær frá fyrirtæki í Michigan framlengir þá áætlun í tvö ár og Tom umbýltir lífi sínu til þess að geta farið með henni. Þrátt fyrir það heldur „lífið“ áfram að þvælast fyrir þeim, og giftingardagurinn og hjónabandssælan virðast fjarlægjast þau smátt og smátt.



Monitor ætlar að gefa miða á The Five-Year Engagement, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladið



**VILTU
VINNA
MIÐA?**



MEÐ BYSSU Í ANNARRI
OG EPLI Í HINNI



GIST Í
KISTU

Lockout

Maður sem var ranglega dæmdur fyrir njósnir gegn Bandaríkjunum fær frelsi sitt aftur ef hann samþykkir að frelsa dóttur forseta Bandaríkjanna úr þrisund sloppinna fanga sem hafa náð fangelsinu, sem er á braut um jörðu, á sitt vald.

Leikstjóri: James Mather & Stephen St. Leger.

Aðalhlutverk: Guy Pearce, Maggie Grace og Peter Stormare.

Lengd: 95 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.

Kvikmyndahús: Laugarásbíó og Borgarbíó.



Dark Shadows

Hér gerir Tim Burton Gothic Horror-mynd eftir frægum, gömlum Kult-sjónvarpsþætti. Myndin fjallar um líf vampírinnar Barnabas Collins og líf hans sem inniheldur skrímsli, varúlfa, drauga og annað hyski.

Leikstjóri: Tim Burton.

Aðalhlutverk: Johnny Depp, Michelle Pfeiffer, Christopher Lee og Helena Bonham Carter.

Lengd: 113 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Krínglunni, Akureyri og Keflavík.



ÉG MYNDI EKKI FOKKA Í ÞESSUM GAURUM



★★★★★
A HISTORY OF VIOLENCE

SVARTHÖFÐI.IS ...gagrýnir úr bunkanum

A History of Violence

David Cronenberg er flinkur kvikmyndagerðarmaður sem hefur oft tekið góða spretti, ekki síst í hryllingsmyndum sem bera sterk höfundareinkenni hans. Hann hefur hins vegar yfirleitt verið hálfgerð jaðarfyrirbæri og ekki alltaf átt greiðan aðgang að áhorfendum. Dead Ringers reyndi til dæmis á þórlif margra, að maður tali ekki um sýruna Naked Lunch, Crash og eXistenZ-þvæluna.

A History of Violence er því að býsna jarðbundin miðað við það sem við eigum að venjast frá Cronenberg. Myndin byggir á samnefndri myndasögu sem fjallar um dagfarsprúðan kaffihúsaeginda og fjölskyldumann sem sýnir á sér óvænta hlið þegar hann drepur tvo morðóða ræningja án þess að depla auga. Hann verður hetja í litla heimabænum sínum og kastljós fjölmiðlanna verður til þess að mafiósar úr stórborginni gefa honum gaum. Þeir mæta til leiks og telja sig þekjka okkar

menn frá fornu fari og eiga ýmislegt óuppgerð við hann.

Viggo Mortensen leikur hetjuna okkar á sinn yfirvegaða hátt og ræður vel við tvöfalt eðli persónunnar, sem var áður ruddalegur ofbeldisfauti og á ótrúlega auðvelt með að rifja upp gamla takta þegar í harðbakkann slær.

Það er ekki hægt að segja annað en að það fari Cronenberg vel að vera með fæturna á jörðinni enda er þetta vinsælasta mynd hans til margra ára og kom sterklega til greina í kapphlaupinu um Gullpálmann í Cannes á sínum tíma. Það leynir sér þó aldrei hver er við stjórnvöllinn og þótt myndin sé að mörgu leyti áhorfendavæn ristir hún djúpt og reynir á áhorfandann.

Frásögnin fer rólega af stað og yfir myndinni hvílir þægileg



smábæjarró en inni á milli blossar ofsafengið ofbeldið upp og það er óhætt að segja að það sé meistaralega stílfært. Mannlegi þátturinn er þó alltaf í forgrunni og áhrif ofbeldisverkanna á líf friðsamrar fjölskyldu eru átakanleg og erfið.

Viggo Mortensen skilar sínu verki vel en Ed Harris stelar senunni sem forn fjandi aðalpersónunnar. Þá setur William Hurt skemmtilegan svip á myndina og það gustar af Mariu Bello í hlutverki eiginkonu Mortensens.

A History of Violence er virkilega vönduð mynd, vel leikin og skemmtilega stílfærð. Myndin er ein besta mynd Cronenbergs um langt árabíl. Hann hélt sig á sömu slóðum í Eastern Promises en er öllu mildari og ekki næstum jafn áhugaverður í A Dangerous Method sem gengur í bíó um þessar mundir. www.svarthofdi.is



KVIKMYND

Indónesía stimplar sig inn!

Þessi þrælskemmtilega hasarmynd segir frá hópi sérsveitarmanna sem hyggst ráðast til atlögu að háhýsi í fátækrahverfi Jakarta í Indónesíu. Tilgangurinn með áhlaupinu er að knésetja eiturfjabarón sem hefur tögl og haldir á fíkniefnamarkaði borgarinnar, en hann heldur sig til á efstu hæð í fyrrnefndu háhýsi. Áhlaupið, sem á að vera tiltölulega átakalaust, breytist fljótlega í martröð þegar

hópurinn festist á sjöttu hæð hússins og virðist engin undankomuleið vera í sjónmáli. Allir íbúarnir virðast hliðhollir eiturfjabaróninum, eru gráir fyrir járnnum og ætla ekki að leyfa neinum sérsveitarmanni að sleppa lifandi út. Upphefst þá ein sú mesta adrenalinferð sem ég hef orðið vitni að í kvikmyndahýsi.

Klink á Hollywood-kvarða



Þó svo að söguþráðurinn sé ekki sá frumlegasti kemur það ekki að sök því hann er í raun í aukahlutverki. Rauði þráður myndarinnar er hasar- og bardagaatriðin og tókst aðstandendum myndarinnar ótrúlega vel til á því sviði. Þó svo að myndin hafi kostað klink á Hollywood-mælikvarða (rúmlega eina milljón dollara)

tókst að kreista út ótrúlegar senur úr hverri krónu. Fyrir þá sem hafa gaman af myndum af þessu tagi er það hrein unun að horfa á aðalleikara myndarinnar smyrja hverja hnúasamlokuna á fætur annarri og í sumum atriðum skalf ég hreinlega í sætinu mínu af spenningi. Aðalleikarar myndarinnar standa sig með þryði og ber þar helst að nefna Ray Sahetapy sem setur sig óhugnanlega vel í hlutverk hins siðblinda eiturfjabaróns.

Að mínu mati hafa bestu hasarmyndirnar frá asíska markaðnum komið frá Suður-Kóreu en það leynist augljóslega mikið af hæfileikaríku kvikmyndagerðarfólki í Indónesíu. Það verður því gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni og getur maður lítið annað en vonað að þetta sé forsmeikurinn af því sem koma skal.



THE RAID: REDEMPTION

HJÁLMAR KARLSSON

MMMMM

ROCKSTAR GAMES PRESENTS
MAX PAYNE 3

PS3 PlayStation Network

Lendir
18. maí

VILTU VINNA EINTAK?

Tryggjó ykkur eintak í forsölu á elko.is


SENDU EST MPV Í NÚMERIÐ 1900. ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM.
199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/MAXPAYNE3

9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: **Daníel Ágúst Haraldsson.**
 Á forsiðu: 20. janúar 2011.
 Fyrirsögn viðtals: Þegar staður og stund hverfa.

Frá því að ég var á forsiðu er ég búinn að klippa hárið stutt og raka af mér skeggið. Ég fer í sund á hverjum degi, syndi og sleiki sólina þessa fallgu gluggaveðururdaða íslenska vorsins. Við í Nýdönsk erum búnir að vera að plana afmælistónleikana okkar í september og við President Bongo vorum að klára endurgerð af uppáhalds Nýdönsk-laginu mínu, „Svefninn laðar“, með Urði í GusGus. Sú sveit er að semja nýja tónlist fyrir ID og hlökkum gífurlega mikið til að frumsýna dansverkið með þeim á Listahátíð 18. og 19. maí. Semsagt engin lognmolla í mínu lífi þessa dagana.
 Ást og virðing
 Daníel Ágúst



LOL-MAIL MONITOR

4. maí 2012 16:15
 til: Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir
 Sæl Guðrún Gróa!
 Systir þín skoraði á þig í síðustu viku. Áttu einn góðan?
 ----- JRJ

Eitt sinn var Stína elsta systir okkar Helgu að fara til útlanda og hafði fengið lánaða stærstu ferðatösku sem við höfðum séð. Þegar við vorum að virða gripinn fyrir okkur vildi ég athuga hvort Helga kæmist ofan í töskuna. Eftir nokkrar mótbárur samþykkti hún að fara ofan í töskuna sem ég svo lokaði en ruglaði alveg óvart talnalásnum svo taskan var læst og ég hafði ekki hugmynd um hvernig ætti að opna hana. Ég sá þarna gullið tækifæri til að stinga Helgu af sem ég þurfti annars alltaf að hafa á hælunum. Þegar ég stökk af stað hljóp ég beint í fangið á mömmu sem fékk næstum hjartaáfall þegar hún heyrði af Helgu læstri ofan í tösku. Ég hefði því sennilega orðið valdur af tveim dauðsföllum ef Stína systir hefði ekki birst og frelsað Helgu. Þetta var í þá góðu þegar ég gat pakkað Helgu ofan í ferðatösku.

Ég er nokkuð viss um að Benedikt Guðmundsson körfuboltaþjálfari lumi á einni góðri sögu.
 Kv. Guðrún Gróa

LOKAPRÓFIÐ

| 10. maí 2012 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Bjarki Már Elísson
 EKKI

Þú veist hver ég er af því að handbótt er ekki það vinseil

Eftir að hafa farið taplausir í gegnum úrslitakeppnina og unnið Íslandsmeistaradælitilinn

- a) velti ég því fyrir mér hvort það væri ekki tilvalið fyrir okkur strákana að gerast götusóparar.
- b) hef ég þókað mun meira á Facebook enda fullur af sjálfstrausti.
- c) hef ég verið á nammifyllerí enda ekki borðað nammi síðan sautjánhundraðsúrkal.
- d) hef ég verið belduáttu að safna hær og þar.

Ég held svo mikið með Liverpool

- a) að ég lét húðflúra á mig „You'll Never Walk Alone“ þegar ég staddur á Englandi.
- b) að ég var að hugsa um að taka ekki þátt í leiknum á sunnudaginn eftir tap Liverpool á laugardag.
- c) að ég ætla að safna í Andy Carroll-greiðslu á næstu mánuðum.
- d) að ég græt mig stundum í svefni

Fyrir nokkrum árum var ég rappari og bar MC-nafnið Sabio

- a) Gardínur og besta lagið okkar var Skensur
 - b) Undirheimar og frægasti hittarinn var lagið PIMP
 - c) Harðari en grjót með smellinn Sjóðheitur bolli af grjóthaltu kjafti.
 - d) Reglubrjótatarar með lagið Við hlæjum að löggunni.
- en lagið er með 8 milljarðir áhorf á Youtube.

Það er erfitt að gera upp á milli félaga minna í HK en ef ég á að taka einn út sem minn besta félagi verð ég að nefna

- a) Tandra Má Konráðsson. Hann myndi
- b) Ólaf Bjarka Ragnarsson. þetta fegir
- c) Atla Ævar Ingólfsson. íest fyrir
- d) Vilhelm Gauta Bergsveinsson. Sigur!

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:
Bjarki Már Elísson #4

Ef ég væri ekki Bjarki Már Elísson myndi ég helst vilja vera

- a) Bjarki Gunnlaugsson, knattspyrnumaður og viðskiptafrómuður
- b) Bjarki Sigurðsson, handboltagoðsögn
- c) Björk, fimleikafélag
- d) Björk Guðmundsdóttir, tónlistardrottning
- e) _____

af því að hann er fast besti Björkingur sem spilað hefur handbóttu

Ég elska

- a) að vera í síðerma innanundirbol
 - b) að hafa fallegar felgur undir bílnum mínum
 - c) að herma eftir Tómasi Inga Tómasyni, knattspyrnusérfræðingi
 - d) að snæða á Saffran
 - e) að grilla í fólk á meðan ég grilla mér hamburgara
- en best í heimi er að hita Tanas Inga

Ég hlusta mest á Spálfan


- mig tónlist en ég held mest upp á
 - a) Jay-Z
 - b) Drake
 - c) Kanye West
 - d) Elton John
 - e) _____
- svo væri draumur í dós að fara með Gardari Silas á stefnumót.

Uppáhaldshandboltamaðurinn minn í hinum stóra heimi er

- a) Aron Pálmarsson
 - b) Uwe Gensheimer
 - c) Ivano Balic
 - d) _____
- af því hann er Ruglaður


Síðasta sms sem ég fékk var frá Mittu og í því stóð: Þú þulst áttu van gefna mömmu

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Handbótt er allveg sem - skemmtilegust...
No joke!



VEL GERT

Aron Pálmarsson
 Það er bókstaflega magnað hvað Íslendingar eiga marga unga atvinnumenn í íþróttum sem eru að fara á kostum með félagsliðum sínum úti um alla Evrópu. Handknattleiksmaðurinn Aron Pálmarsson og félagar hans í Kiel urðu á dögum Þýskalands- og bikarmeistarar og eiga enn möguleika á að tryggja sér titilinn í Meistaradeild Evrópu. Eins og flestir vita er þjálfari Arons hjá Kiel sjálfur Alfreð Gíslason en Monitor-skútuna langar að nýta tækifærið og smella einni hárrí fimmu á Aron fyrir vaska framgöngu í velgengni Kiel.



Monitor-skútan



ÉG HEF ALDREI

...horft á heila Star Wars-mynd. Er alltaf á leiðinni að bæta úr því og taka massíft Star Wars-marapön en hef einhvernvegin alltaf farið að gera eitthvað annað.

... fengið mér gervineglur. Ég fæ bara innilokunarkennd og fiðring í fingurna við tilhugsunina.

... reynt að púsla heilt stórt púsluspil. Ég er ekki mjög þolinmód til að byrja með og heldur ekki góð í því að leita svo það að leita að þessum eina rétta púslbita sem vantar í 1200 bita púsl er eiginlega vonlaus tilhugsun.

... spilað golf, aftur að þolinmæðinni. Hinsvegar hefur mig alltaf langað til þess að bruna um á þessum litlu golfbílum.

... fengið Nings. Ég hef enga útskýringu á því nema kannski að það jafnast ekkert á við kínverska matinn hans þabba.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, handknattleikspía, fílar:

KVIKMYND: Love and Basketball er ein af uppáhaldsmyndunum mínum. Hún sameinar á skemmtilegan hátt körfubolta og rómantik og þar sem að mig hefur alltaf dreymt um að vera jafngóð í körfubolta og Michael Jordan og verða ástfangin af stráknum í næsta húsi þá held ég að ég verði að nefna þessa mynd.

ÞÁTTUR: Friends er án efa besti sjónvarpsþáttur frá upphafi og ég er alltaf með einn disk sem rúllar í DVD-spilaranum þegar ég er heima.



BÓK: Ég er nú ekki mikill lestrarhestur en síðasta bók sem ég las var Lýtalaus, bókinn hennar Tobbu Marinós og hafði ég nú bara nokkuð gaman af.




PLATA: Ef Blár Ópal væru búnir að gefa út plötu þá væri það uppáhaldsplatan mín en annars eru líka tveir bræður úr Hafnarfirði sem eru ágætir og hafa verið í mikilli spilun síðasta árið.

VEFSÍÐA: Daglegi netrúnturinn samanstendur nú af nokkrum síðum, bæði innlendum og erlendum, en vegna nýrrar vinnu minnar hjá Nike er www.nike.com í miklu uppáhaldi þessa dagana.

STAÐUR: Þessa dagana er það Vodafone-höllin þar sem ég verð dágóðum tíma með uppáhaldstelpunum mínum í Val. Það eru forréttindi að fá að vera hluti af svona skemmtilegum og fráberum hóp.



1
2
3
4
5



TÓNLISTINN

Vikan 3. maí - 9. maí 2012

- 1** **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 2** **Bubbi Morthens**
Þorpið
- 3** **Sigurður G. og Sigríður Thorlacius**
Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
- 4** **Adele**
21
- 5** **Mugison**
Haglél
- 6** **Saints Of Boogie Street**
Leonard Cohen Covered
- 7** **Ýmsir**
Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012
- 8** **Gus Gus**
Arabian Horse
- 9** **Rökkurró**
Í annan heim
- 10** **Legend**
Fearless

11 **Ýmsir** Hot Spring: Landamannalaugar
12 **Helgi Björnsson** Íslenskar dægurperlur í Hörpu
13 **Valgeir Guðjónsson** Spilaðu lag fyrir mig
14 **Sigur Rós** Inni
15 **Retro Stefson** Kimbabwe
16 **Valdimar** Undraland
17 **Norah Jones** Little Broken Hearts
18 **Sykur** Mesópótamía
19 **Björk** Biophilia
20 **Ýmsir** Einu sinni var / Út um græna grundu
21 **Ýmsir** 100 vinsæl barnalög
22 **Sólstafir** Svartir sandar
23 **Lana Del Rey** Born To Die
24 **Leonard Cohen** Old Ideas
25 **Björk** Gling gló
26 **Bubbi** Sögur af ást, landi og þjóð
27 **Papar og gestir** Jameson
28 **Ian Anderson & Jethro Tull** Thick As A Brick II
29 **One Direction** Up All Night
30 **Björgvin Halldórsson** Gullvagninn

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur söluáskilningu síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 3. maí - 9. maí 2012

- 1** **Magni**
Hugarró
- 2** **KK**
Frelsið
- 3** **Bubbi / Mugison**
Þorpið
- 4** **Fun / Janelle Monae**
We Are Young
- 5** **The Black Keys**
Gold On The Ceiling
- 6** **Ojba Rasta**
Baldursbrá
- 7** **Train**
Drive By
- 8** **Tilbury**
Tenderloin
- 9** **Keane**
Silenced By The Night
- 10** **Carly Rae Jepsen**
Call Me Maybe

11 **Of Monsters And Men** Six Weeks
12 **M83** Midnight City
13 **Valdimar** Þú ert mín
14 **Michael Teló** Ái se eu te pego
15 **Retro Stefson** Queen
16 **Alabama Shakes** Hold On
17 **Gabriel, Valdimar og Opee** Stjörnuhröp
18 **SSSól / John Grant** Finish On Top
19 **Nicki Minaj** Starship
20 **Hljómar** Þú og ég
21 **Lana Del Rey** Blue Jeans
22 **Valdimar Guðmundsson / Helgi Júlíus** Stöndum saman
23 **Hjálmar** Eilíf auðn
24 **Magnús Þór / Jónas Sigurðsson** Ef ég gæti hugsana minna
25 **Goyte / Kímbra** Somebody I Used To Know
26 **Florence & The Machine** Never Let Me Go
27 **Silversun Pickups** Bloody Mary
28 **Foster The People** Don't Stop
29 **Childish Gambino** Heartbeat
30 **Shins** Simple Song

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spilaðum lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

Töffari sýnir töfrabrögð

Síðast þegar **Ingó Geirdal** hélt töfrasýningu seldist upp en á sunnudag sýnir hann í Salnum

Ingó Geirdal, töframaður, verður með töfrasýningu fyrir alla fjölskylduna í Salnum, Kópavogi, sunnudaginn 13. maí kl.17:00.

Ingó hefur sýnt sín ótrúlegu töfrabrögð á fjölda skemmtana og í sjónvarpsþáttum í Evrópu og Asíu, auk þess að skemmta í einkaboðum hjá ekki ómerkari fyrirberum en Depeche Mode og Alice Cooper. Á sýningunni býður Ingó upp á mögnuð töfrabrögð, hugsanalestur og sjónhverfingar á heimsmælikvarða.

Ingó Geirdal ákvað að verða töframaður þegar hann var ekki nema sex ára gamall og núna er hann orðinn fullorðinn og barnadraumurinn er orðinn að veruleika. Hægt er að nálgast miða á sýninguna á www.midi.is og á www.salurinn.is.

Fréttakona MonitorTV, Agnes Vald, tók spjall við kappann og má sjá myndskaið með mögnuðum töfrabrögðum á www.mbl.is.




INGÓ RAKAR INN SEDLUM OG RAKAR Á SÉR HÁRIÐ

blink
Party in your pocket!

It's a party!
It's a taste!
It's a style!

Sykur-laust

www.blinkmints.com



Póra Björk Samúelsdóttir

- Stúdent af náttúrufræðibraut frá MI 2006
- Kláraði rafvirkjun í Tækniskólanum 2010
- Raftæknifræði, 1. ár
- Áhugamáli: Fjölskylda, vinir, sveitin mín og ferðalög

Leifur Þór Leifsson

- Lektor við tækni- og verkfræðideild
- Doktor í flugvélafræði
- Sérsvið: Loftaflfræði

Velkomin í HR

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tæknigreinum, viðskiptum og lögum – lykilgreinunum fyrir öflugt atvinnulíf.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is